



## Fundargerð

Aðalfundur KGSÍ haldinn í Turninum í Firði í Hafnarfirði laugardaginn 12. júní 2010 kl. 9:00.

### Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ og In Memoriam ehf.
3. Reikningar KGSÍ lagðir fram til umræðu og samþykktar og jafnframt reikningar In Memoriam ehf. – Björn Sveinsson fer yfir reikninga 2009.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna og varamanna – jafnframt kosið í stjórn og varastjórn In Memoriam ehf.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ og In Memoriam ehf.
7. Erindi heimamanns.
8. Úttekt á umhirðu kirkjugarða – Guðmundur Rafn Sigurðsson.
9. Grasklippingar í kirkjugörðum – Heimir B. Janusarson.
10. Kirkjugarðsvörður og meðhjálpari miðlar af reynslu sinni – Örn Arnarson, Höfn í Hornafirði.
11. Niðurstöður af málþingi sem haldið var á Grand Hótel sl. vetur - Þórsteinn Ragnarsson.
12. Nýjungar á gardur.is – Smári Sigurðsson og Arnfinnur S. Einarsson kynna.
13. Nýjar reglur um minningarmörk hjá KGRP – Þorgeir Adamsson.
14. Önnur mál.

### Fundargestir:

Nafn:

Staður:

Katrín Birna Viðarsdóttir	Ásólfsskálakirkjugarður
Ásdís Þórðardóttir	Djúpavogskirkjugarður
Steinunn Jónsdóttir	Djúpavogskirkjugarður
Sigurbjörn Árnason	Garðakirkjugarður
Örn Arnarson	Hafnarkirkjugarður
Óskar Jóhannsson	Húsavíkurkirkjugarður
Jón Halldórsson	Ísafjarðarsókn
Hrafnhildur Bryndís Rafnsdóttir	Kálfatjarnarsókn
Arnfinnur R Einarsson	KGRP
Bjarni Kr Grímsson	KGRP
Björn Sveinsson	KGRP
Erla Berglind Jóhannsdóttir	KGRP

Erla Pálmadóttir	KGRP
Friðjón Örn Guðmundsson	KGRP
Gísli Jónasson	KGRP
Halldór Kr. Pedersen	KGRP
Heimir B. Janusarson	KGRP
Helga Halldórsdóttir	KGRP
Helga Oddsdóttir	KGRP
Helga Þóra Jónsdóttir	KGRP
Jóhannes Pálmason	KGRP
Jörgen Pétur Guðjónsson	KGRP
Kristján K Linnet	KGRP
Þórsteinn Ragnarsson	KGRP
Torfhildur Stefánsdóttir	KGRP
Þorgeir Adamsson	KGRP
Emelía G Svavarsdóttir	KGRP
Kristján Guðjónsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Smári Sigurðsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Stefán Ívar Hansen	Kirkjugarðar Akureyrar
Hjördís Kristinsdóttir	Kirkjugarðar Keflavíkur
Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráði
Indriði Valdimarsson	Kirkjugarður Akraness
Þjóðbjörn Hannesson	Kirkjugarður Akraness
Þorsteinn Eypórsson	Kirkjugarður Borgarness
Kristján Ólafsson	Kirkjugarður Dalvíkur
Gísli Þorláksson	Kirkjugarður Grindavíkur
Gunnar Vilbergsson	Kirkjugarður Grindavíkur
Arnór Sigurðsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Hallgrímur Jónasson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Hjalti Jóhannsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Jóhanna Arnórsdóttir	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Magnús Sigurðsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Guðrún M Jóhannsdóttir	Kirkjugarður Neskaupsstaðar
Hermann Jónasson	Kirkjugarður Siglufjarðar
Ósk Sólrún Kristinsdóttir	Kirkjuvogskirkjugarður
Sigurgeir Skúlason	Kirkjugarðaráði
Hreiðar Örn Stefánsson	Kirkjug. Lágafellssóknar
Ólafur Þ Guðmundsson	Njarðvíkurkirkjugarður
Eysteinn Ó Jónasson	Selfosskirkjugarður
Gunnþór Gíslason	Selfosskirkjugarður
Ómar Halldórsson	Stórolfshvolskirkjugarður
Inger Steinsson	Útfararþjónusta Borgarinnar
Sylvía Hallsdóttir	Útskálakirkjugarður

## **1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ bauð fundargesti velkomna á 15. aðalfund KGSÍ sem er sá fjölmennasti til þessa. Hann lagði til að Jóhannes Pálmason stjórnaði fundi og Þorgeir Adamsson ritaði fundargerð. Samþykkt einróma.

Fundarstjóri þakkaði traustið og lýsti fundinn lögmætan.

## **2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ og In Memoriam ehf.**

Þórsteinn byrjaði á að fara yfir aðdraganda að stofnun KGSÍ og flutti svo skýrslu ársins 2009 sem dreift hafði verið á fundinum. Formaður greindi frá öllum helstu atriðum skýrslunnar og ræddi sérstaklega um mikilvægi þess að sameina kirkju-garðsstjórnir.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir ágætt yfirlit og gaf orðið laust til fyrirspurna. Engar fyrirspurnir.

## **3. Reikningar KGSÍ lagðir fram til umræðu og samþykktar og jafnframt reikningar In Memoriam ehf.**

Björn Sveinsson fór yfir reikninga ársins 2009 og vakti sérstaka athygli á áritun endurskoðanda vegna könnunar þeirra á reikningunum einnig áritun skoðunarmanna. Björn fór einnig yfir rekstraráætlun fyrir árið 2010.

Fundarstjóri þakkaði Birni fyrir ágætt yfirlit yfir reikninga og rekstraráætlun.

Þórsteinn sagði að áætlaður ferðakostnaður væri vegna ferðar Guðmundar Rafns og spurði hvort kostnaður yrði vegna ferðar hans. Hann greindi sérstaklega frá því að In Memoriam yrði inn í KGSÍ.

Reikningar voru bornir upp til atkvæða og samþykktir samhljóða. Sömuleiðis rekstraráætlunin.

## **4. Kosning formanns KGSÍ.**

Þórsteinn Ragnarsson gaf kost á sér til endurkjörs og var hann kosinn einróma með lófataki.

## **5. Kosning annarra stjórnarmanna og varamanna – jafnframt kosið í stjórn og varastjórn In Memoriam ehf.**

Guðmundur Rafn Sigurðsson og Smári Sigurðsson voru einróma endurkjörnir sem aðalmenn og með sama hætti þau Indriði Valdimarsson og Katrín Birna Viðarsdóttir sem varamenn.

## **6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ og In Memoriam ehf.**

Ólafur Þ. Guðmundsson og Magnús Sigurðsson voru einróma endurkjörnir.

## **7. Erindi heimamanns.**

Fundarstjóri gaf Hjalta Jóhannssyni orði. Hann sagði frá sögu Kirkjugarða Hafnarfjarðar og flutti hugleiðingu um Hafnafirðinga og ýmis sérkenni í hugum þeirra er varða áttir sem og orðatiltæki tengt áttum í Hafnafirði.

Fundarstjóri þakkaði Hjalta fyrir skemmtilegt og fróðlegt erindi.

## **8. Úttekt á umhirðu kirkjugarða – Guðmundur Rafn Sigurðsson.**

Guðmundur greindi frá því að umhirðugjald sem greitt er til kirkjugarða væri ætlað fyrir hirðingu og almennum rekstri þeirra. Eftirlit með því hvernig umhirðugjald er notað er ekki fyrir hendi heldur er einungis óbeint eftirlit. Gerð var úttekt á fáeinum kirkjugörðum til að kanna ástand þeirra. Ársreikningar voru skoðaðir ásamt fleiru. Garðar í Húnavatnsprófastsdæmi voru skoðaðir og tók Þorkell Gunnarsson þátt í matinu. Helstu þættir sem voru skoðaðir voru gróðurþekja, minnismerki og umgjarðir. Gert var heildarmat. Ástand garðanna var mjög mismunandi.

Fundarstjóri þakkaði Guðmundi fyrir ágætt erindi.

## **9. Grasklippingar í kirkjugörðum – Heimir B. Janusarson.**

Heimir fjallaði um slátt og hirðingu í kirkjugörðum, sérstaklega með hliðsjón af Gufuneskirkjugarði. Hann sagði að grasið væri „stærsta mublan“ í gördunum. Mikilvægt væri að huga að -loftun, -dreni, -grastegundum og því hvort sáð væri eða tyrft. Hann sagði að slátturinn væri verkefni númer eitt við hirðingu garðanna og mikilvægt að missa ekki tðkin á grasinu í of mikla sprettu. Hann fjallaði um tæki og tól sem og áburðardreifingu og nýtingu moltu sem áburðar á gras. Mikilvægt að menn leiti sér upplýsinga um tæki og tól og reynslu manna af þeim.

Ábending kom frá Arnóri um að sláttuþyrlur væru e.t.v. ólöglegar í þéttbýli.

Fundarstjóri þakkaði Heimi fyrir ágætt erindi.

## **10. Kirkjugarðsvörður og meðhjálpari miðlar af reynslu sinni – Örn Arnarson, Höfn Hornafirði.**

Örn Arnarson greindi frá starfi sínu sem kirkjugarðsvörður og meðhjálpari. Hann var lengi til sjós, að mestu sem vélstjóri og þótti mikil breyting á sínu lífi þegar hann hóf störf á ólíkum vettvangi. Hann sagði störf sín fjölbreytt og lýsti ánægju sinni með þau.

Fundarstjóri þakkaði Erni fyrir ágætt erindi.

## **11. Niðurstöður af málþingi sem haldið var á Grand Hótel sl. vetur - Þórsteinn Ragnarsson.**

Þórsteinn greindi frá málþinginu þar sem flutt voru framsöguerindi og síðan umræður um ýmis málefni:

- ✓ líkhús
- ✓ minningarmörk, -hvað má og hvað má ekki,
- ✓ erfidrykkjur,
- ✓ tónlist og fleira,
- ✓ mikilvægi á samræmingu reglna um útsendingu reikninga frá útfararstofum, þagnarskyldu,
- ✓ upplýsingaveitu til presta um gjaldskrár,
- ✓ hvað má setja í kistur með látnum,
- ✓ jarðsetningu duftkera,
- ✓ auka samvinnu þjónustuaðila, presta organista og útfararstjóra.

Magnús spurði um eftirlit með greftrun kera sem komið er með frá útlöndum. Erfitt getur reynst að fyrirbyggja að slík ker séu ekki grafin án vitundar kirkju-garðsyrvalda.

Spurt var um tímamörk frá því að ker er afhent og til þess að það er grafið.

Þórsteinn svaraði til að sex mánaða biðtími mætti líða frá afhendingu til greftrunar. Ef greftrun kemur ekki inn á gardur.is þá er farið að grafast fyrir um ker. Smári bætti við að fæst ker „hverfi sporlaust“ en mikil vinna hefur farið í að hafa upp á því hvar duftker eru niðurkomin, grafin eða ekki. Til stendur að þrengja reglur um það hvenær og hvar á að grafa duftker. Sama á við um öskudreifingu. Björn Sveinsson sagði að oft kæmu símtöl frá fólki sem er að koma með ker erlendis frá og því væri bent á að koma með ker til geymslu í bálstofu. Fundarstjóri þakkaði fyrir ágætan fyrirlestur og fyrirspurnir sömuleiðis.

## **12. Nýjungar á gardur.is – Smári Sigurðsson og Arnfinnur S. Einarsson kynna.**

Smári sagði frá nýjungum og frá því hvernig má nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar á heimasíðunni.

Fundarstjóri þakkaði fyrir gott erindi.

## **13. Nýjar reglur um minningarmörk hjá KGRP – Þorgeir Adamsson.**

Þorgeir sagði frá því að í tengslum við vígslu Sóllands þann 2. október í fyrra voru reglur frá 2004 endurútgefnar með viðbótum. Í reglunum er nú að finna sérstakar greinar um Sólland um mismunandi gerðir minningarmarka eftir svæðum. Einnig var greint frá því að nú ber öllum að sækja um leyfi fyrir uppsetningu á hverjum legsteini. Útbúið var sérstakt beiðnakerfi á netinu (á gardur.is) sem auðveldar alla umsýslu. Legsteinasalar hafa aðgang að kerfinu og er beiðnum svarað samdægurs.

Fundarstjóri þakkaði fyrir erindið.

#### 14. Önnur mál.

Smári Sigurðsson fjallaði um flutning á líkum og kostnað við flutninginn til bálstofu. Mikið hefur verið fjallað um málið og helst til vandræðalegt hvað það velkist fram og til baka. Kostnaðurinn kemur væntanlega úr sameiginlegum sjóðum. Spurningin er hvar á að draga mörkin.

Hermann Jónasson sagði frá því að hann hefði farið til móts við flutning á kistu frá Siglufirði og kostnaður annar en bensínkostnaður hefði ekki verið reiknaður. Hann sagði frá því að útfararstofur hefðu ekki aðgang að líkhúsinu (í Reykjavík) um kvöld og helgar. Í dreifbýlinu fengist víðast slíkur aðgangur um kvöld og helgar sem eru augljósir kostir dreifbýlisins umfram Reykjavík.

Smári kom með þá hugmynd að það yrði ákvörðun hvers kirkjugarðs hvernig lík væri flutt til brennslu.

Á að vera sami kostnaður greiddur hvar sem viðkomandi er staddur á landinu? Málamiðlun væri að finna út ákveðið gjald. Örn benti á að um gæti verið að ræða styrk plús viðbót aðstandenda.

Fram kom hjá Þórsteini varðandi þann möguleika að bálstofan í Fossvogi kæmi inn og niðurgreiddi flutningskostnað að tæplega 3% af framlagi ríkisins standi ekki undir byggingu nýrrar bálstofu hvað þá meira.

Magnús lagði til að dreifbýlið fengi greitt kistugreftrunargjald þegar bálför væri áformuð og mundi mismunurinn ganga upp í flutningskostnað. Bent var á að þá mundi greftrunargjaldið lækka í heildina sem því næmi og það væri nú of lágt nú og yrði ekki samstaða um að lækka það enn frekar.

Jón Halldórsson spurði hvort hægt væri að láta bálstofuna stjórna kostnaði og greiðsla kæmi til hennar?

Stjórn KGSÍ mun enn og aftur fjalla um þessi mál og reyna að finna sanngjarna lausn á brýnu máli.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund og gaf formanni orðið.

Þórsteinn Ragnarsson þakkaði fyrir góðan fund og lagði áherslu á að málefnið væru til umræðu þó að formlegum fundi væri að ljúka. Gagnlegar umræður færu gjarnan fram þegar þingfulltrúar og makar kæmu saman til kvöldverðar og skemmtunar að fundi loknum.

Fundi slitið.

Þ.A.